

## Félagsþjónusta sveitarfélaga 2008–2010

### *Municipal social services 2008–2010*

#### *Samantekt*

Frá árinu 1987 hefur Hagstofa Íslands leitað upplýsinga frá sveitarfélögum árlega um fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu og dagvistun barna á einkaheimilum. Árið 2010 fengu 6.910 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og hafði heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fjölgað um 916 (15,3%) frá árinu áður og um 1.881 (37,4%) frá 2008. Fjölmennasti hópurinn árið 2010 sem fékk fjárhagsaðstoð var sem fyrr einstæðir barnlausir karlar (43,6% heimila) og einstæðar konur með börn (27,1% heimila).

Á heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2010 bjuggu 11.468 einstaklingar eða 3,6% þjóðarinnar, þar af voru 3.974 börn (17 ára og yngri) eða 5% barna á þeim aldri. Árið 2008 bjuggu 9.097 einstaklingar eða 2,8% þjóðarinnar á slíkum heimilum, þar af voru 3.587 börn eða 4,5% barna.

Árið 2010 nutu 8.148 heimili félagslegar heimaþjónustu og hafði þeim fjölgað um 88 (1,1%) frá árinu á undan og um 284 (3,6%) frá árinu 2008. Tæplega fjögur af hverjum fimm þessara heimila voru heimili aldraðra eða 6.493 (79,7%) og hafði þeim fjölgað um 474 (7,9%) frá árinu 2008. Á þessum heimilum aldraðra bjó 8.091 einstaklingur og jafngildir það 20,8% þeirra landsmanna sem eru 65 ára og eldri. Í Reykjavík naut fjórðungur (25%) 65 ára og eldri félagslegrar heimaþjónustu. Meðalfjöldi vinnustunda á heimili árið 2010 voru 114 (2,5 stundir á viku) og hafði meðalfjöldi vinnustunda fækkað um 4 frá árinu á undan.

Árið 2010 naut 1.771 barn dagvistar á einkaheimilum og hafði þeim fjölgað um 157 (9,7%) frá árinu á undan. Alls voru rúm 6% barna 0 til 5 ára í slíkri dagvistun árið 2010. Þar af voru tæp 6% allra barna á fyrsta ári og rúm 30% 1 árs barna, en það eru börn sem ekki hafa náð leikskólaaldri.

### Grunnur upplýsinga

#### *Félagsþjónusta sveitarfélaga*

Samkvæmt 1. grein laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga er „markmið félagsþjónustu á vegum sveitarfélaga að tryggja fjárhagslegt og félagslegt öryggi og stuðla að velferð íbúa á grundvelli samhjárpar“. Með félagsþjónustu samkvæmt lögunum er átt við þjónustu, aðstoð og ráðgjöf í tengslum við félagslega ráðgjöf, fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu, málefni barna og ungmenna, þjónustu við fatlaða og fleira.

#### *Upplýsingaöflun*

Allt frá árinu 1987 hefur Hagstofa Íslands leitað upplýsinga árlega um félagsþjónustu sveitarfélaga. Frá árinu 1998 hefur verið leitað til sveitarfélaga með 250 eða fleiri íbúa þar sem um eða yfir 98% íbúa landsins búa. Allt tímabilið hefur verið leitað upplýsinga um fjárhagsaðstoð, félagslega heimaþjónustu og dagvistun barna á einkaheimilum.



## Fjárhagsaðstoð

### Lög um fjárhagsaðstoð


Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga (nr. 40/1991) tóku gildi í mars 1991. Samhliða féllu úr gildi framfærslulög frá 1947. Í framfærslulögunum var fjallað um framfærslustyrki sveitarfélaga, en hugtakið fjárhagsaðstoð kom með tímanum í stað hugtaksins framfærslustyrkur. Fjárhagsaðstoð er samkvæmt lögunum síðasta úrræðið, lægsta öryggisnetið og beinist að þeim sem ekki geta séð fyrir sér og sínum (litið er á hjón/sambúðarfólk og börn yngri en 18 ára sem eina einingu) af eigin launatekjum, lífeyri eða bótum.

### Enn fjölgar viðtakendum fjárhagsaðstoðar

Árið 2010 fengu 6.910 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og hafði heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fjölgað um 916 (15,3%) frá árinu áður. Árið 2009 hafði heimilum sem þáðu slíkar greiðslur fjölgað um 965 (19,2%) frá árinu áður. Árið 2003 þáðu 6.312 heimili fjárhagsaðstoð sveitarfélaga en til ársins 2007 fækkaði þeim jafnt og þétt eða sem nam 32% á öllu tímabilinu. Breyting á fjölda viðtakenda fjárhagsaðstoðar helst í hendur við hagsveiflur eins og glögggt má sjá á mynd 1 sem sýnir fjölda viðtakenda og árlegt hlutfall atvinnuleysis árin 1991 til 2010.

### Mynd 1. Hlutfall atvinnulausra og fjöldi viðtakenda fjárhagsaðstoðar 1991–2010

Figure 1. Unemployment rates and number of recipients of income support 1991–2010



Frá árinu 2008 til 2010 jukust útgjöld sveitarfélaganna vegna fjárhagsaðstoðar um tæpar 1.302 milljónir eða rúmlega 77%, en á föstu verðlagi uxu þau um rúm 50%. Meðal mánaðargreiðslur fjárhagsaðstoðar jukust á sama tíma um 15 þúsund krónur eða 17,2%, en á föstu verðlagi lækkuðu þær um tæpt 1%. Fjárhagsaðstoð var greidd að meðaltali fjóra mánuði öll árin (sjá töflu 6).

### Aldur og fjölskyldugerð

Fjölmennasti hópurinn árið 2010 sem þáði fjárhagsaðstoð sveitarfélaga var sem fyrr einstæðir barnlausir karlar (43,6% heimila) og einstæðar konur með börn (27,1% heimila). Árið 2008 náði fyrrnefndi hópurinn yfir 39% heimila en sá síðarnefndi yfir 32,8% þeirra (sjá töflu 7).

Aldurssamsetning móttakenda breyttist lítið á tímabilinu, þó jókst fjöldi viðtakenda 24 ára og yngri um rúm 67% á sama tíma og heildarfjöldi viðtakenda jókst um 37,4%.

Íbúar á heimilum sem njóta fjárhagsaðstoðar

Á heimilum sem fengu fjárhagsaðstoð árið 2010 bjuggu 11.468 einstaklingar eða 3,6% þjóðarinnar, þar af voru 3.974 börn (17 ára og yngri) eða 5,0% barna á þeim aldri. Árið 2008 bjuggu 9.097 einstaklingar eða 2,8% þjóðarinnar á slíkum heimilum, þar af voru 3.587 börn eða 4,5% barna (sjá töflu 8).

Breytingar á atvinnustöðu fjárhagsaðstoðarþega

Árin 2009 og 2010 urðu töluverðar breytingar á stöðu viðtakenda fjárhagsaðstoðar á vinnumarkaði miðað við árið 2008. Árið 2010 voru 44% viðtakenda fjárhagsaðstoðar atvinnulausir, en hið sama átti við fjórðung þeirra 2008. Árið 2010 voru tæplega 61% hinna atvinnulausu án bótaréttar, en það átti við um rúmlega 68% þeirra árið 2008. Starfandi fólki fækkaði meðal viðtakenda fjárhagsaðstoðar árin 2009 og 2010 frá árinu 2008, sama gildir um fjölda lífeyrisþega og sjúklinga.

**Tafla 1. Atvinnustaða viðtakenda fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga 2008–2010**  
Table 1. Employment status of recipients of municipal income support 2008–2010

	2008		2009		2010	
	Fjöldi Number	%	Fjöldi Number	%	Fjöldi Number	%
<b>Alls þekkt Total known</b>	<b>4.929</b>	<b>100,0</b>	<b>5.744</b>	<b>100,0</b>	<b>6.694</b>	<b>100,0</b>
Í starfi <i>Employed</i>	1.184	24,0	680	11,8	793	11,8
þar af í fullu starfi <i>thereof full-time</i>	975	19,8	485	8,4	400	6,0
þar af í hlutastarfi <i>thereof part-time</i>	209	4,2	195	3,4	212	3,2
þar af í hlutast. með hluta atv.leysisbóta <i>thereof part-time part-time insured</i>	–	–	–	–	181	2,7
Atvinnulausir <i>Unemployed</i>	1.272	25,8	2.323	40,4	2.947	44,0
þar af með bótarétt <i>thereof insured</i>	401	8,1	959	16,7	1.154	17,2
þar af án bótaréttar <i>thereof non-insured</i>	871	17,7	1.364	23,7	1.793	26,8
Lífeyrisþegar <i>Pensioners</i>	904	18,3	1.126	19,6	862	12,9
Sjúklingar <i>Patients</i>	1.002	20,3	1.003	17,5	1.039	15,5
Heimavinnandi <i>Housewives</i>	20	0,4	41	0,7	45	0,7
Nemar <i>Students</i>	400	8,1	523	9,1	752	11,2
Annað <i>Other</i>	147	3,0	48	0,8	256	3,8
Upplýsingar vantar <i>Unknown</i>	100	•	250	•	216	•
<b>Alls Total</b>	<b>5.029</b>	<b>•</b>	<b>5.994</b>	<b>•</b>	<b>6.910</b>	<b>•</b>

## Félagsleg heimajónusta

Skilgreining félagslegrar heimajónustu

Með félagslegri heimajónustu er átt við aðstoð til handa þeim sem búa í heimahúsum og geta ekki hjálparlaust séð um heimilishald og persónulega umhirðu sökum skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, barnsburðar eða fötlunar.

Lög um félagslegra heimajónustu

Árið 1952 voru sett lög um heimilishjálp í viðlögum og voru þau í gildi allt fram til ársins 1991. Á þessum tíma var sveitarfélögum ekki skylt að veita heimilishjálp heldur var þeim heimilt að starfrækja slíka þjónustu. Hlutverk hennar var að veita hjálp á heimilum þegar sannað var með læknisvottorði eða á annan hátt að hjálparinnar væri þörf um stundarsakir. Með þessum lögum var lagður grunnur að félagslegri heimajónustu þó að ýmsar breytingar hafi orðið á henni síðan, einkum þó er hún varð lögbundin með lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga (nr. 40/1991). Reyndar var öldruðum tryggð heimilishjálp í lögum frá 1971 og hafa aldraðir löngum verið stærsti hópur þeirra sem njóta félagslegrar heimajónustu. Ríkissjóður greiddi sveitarfélögum lengi vel einn þriðja hluta kostnaðar vegna heimilishjálpar við aldraða.

*Heimili sem nutu heimaþjónustu*

Árið 2010 nutu 8.148 heimili félagslegrar heimaþjónustu og hafði heimilum fjölgað um 88 (1,1%) frá árinu á undan. Frá árinu 2008 hafði þeim fjölgað um 284 (3,6%). Um fjögur af hverjum fimm þessara heimila voru heimili aldraðra eða 6.493 (79,7%).

*Heimili aldraðra sem nutu heimaþjónustu fjölgar*

Heimilum aldraðra sem nutu félagslegrar heimaþjónustu hafði fjölgað árið 2010 um 333 (5,4%) frá árinu á undan. Frá árinu 2008 hafði þeim fjölgað um 474 (7,9%). Þannig eykst fjöldi heimila aldraðra mun meira en fjöldi heimila alls sem nýtur heimaþjónustu á þessu tímabili.

**Tafla 2. Félagsleg heimaþjónusta sveitarfélaga eftir tegundum heimila 2008–2010**

Table 2. Households receiving municipal home-help service 2008–2010

Fjöldi <i>Number</i>	Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>				Önnur sveitar- félög <sup>1</sup> <i>Other municipalities<sup>1</sup></i>
	Alls <i>Total</i>	Alls <i>Total</i>	Reykja- vík	Önnur <i>Other</i>	
<b>2008</b>					
<b>Heimili alls</b> <i>Households, total</i>	<b>7.864</b>	<b>5.119</b>	<b>3.780</b>	<b>1.339</b>	<b>2.745</b>
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	6.013	3.882	2.820	1.062	2.131
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in househ.</i>	1.419	896	666	230	523
Önnur heimili <i>Other households</i>	432	341	294	47	91
<b>2009</b>					
<b>Heimili alls</b> <i>Households, total</i>	<b>8.060</b>	<b>5.257</b>	<b>3.789</b>	<b>1.468</b>	<b>2.803</b>
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	6.160	4.014	2.870	1.144	2.146
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in househ.</i>	1.517	959	694	265	558
Önnur heimili <i>Other households</i>	383	284	225	59	99
<b>2010</b>					
<b>Heimili alls</b> <i>Households, total</i>	<b>8.148</b>	<b>5.339</b>	<b>3.777</b>	<b>1.562</b>	<b>2.809</b>
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	6.493	4.302	3.024	1.278	2.191
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in househ.</i>	1.258	765	575	190	493
Önnur heimili <i>Other households</i>	397	272	178	94	125

<sup>1</sup> 250 íbúar eða fleiri. *250 inhabitants or more.*

Árið 2010 voru 5.339 (65,5%) þessara heimila á höfuðborgarsvæðinu, þar af 3.777 (46,4%) í Reykjavík. Árið 2008 voru heimili á höfuðborgarsvæðinu sem nutu heimaþjónustu 5.119 (65,1%) og þá voru heimilin í Reykjavík 3.780 (48,1%). Þannig fjölgar heimilum á höfuðborgarsvæðinu sem njóta heimaþjónustu um 220 eða 4,3% milli ára 2008 og 2010. Á sama tímabili fjölgar heimilum í sveitarfélögum utan höfuðborgarsvæðisins sem njóta heimaþjónustu um 64 eða 2,3%.

*Fjöldi íbúa á heimilum sem njóta heimaþjónustu*

Árið 2010 bjuggu 10.966 einstaklingar á heimilum sem nutu félagslegrar heimaþjónustu. Þeim fjölgaði um 105 (1,0%) milli ára 2008 og 2009, en fækkaði um 140 (-1,3%) milli ára 2009 og 2010 (sjá töflu 9).

*Vinnustundum við heimaþjónustu fækkar*

Meðalfjöldi vinnustunda við heimaþjónustu á heimili árið 2009 var 118 (2,6 stundir á viku) og hafði vinnustundum fækkað um sjö frá árinu 2008. Á milli ára 2009 og 2010 fækkaði þeim enn frekar eða um fjórar (2,5 stundir á viku). Á heimilum aldraðra var meðalfjöldi vinnustunda 120 árið 2008 en 111 árið 2010 (sjá töflu 10).

*Aldraðir á heimilum sem njóta heimaþjónustu*

Árið 2010 bjuggu 8.091 aldraður eða 20,8% landsmanna 65 ára og eldri á heimilum sem nutu félagslegrar heimaþjónustu. Árið 2008 átti það við 7.582 eða 20,3% 65 ára og eldri. Á þessu tímabili naut fjórðungur (25%) 65 ára og eldri í Reykjavík félagslegrar heimaþjónustu. Árið 2010 nutu 43,1% 80 ára og eldri félagslegrar heimaþjónustu. Um 60% aldraðra sem njóta heimaþjónustu búa einar.

### Dagvistun barna á einkaheimilum

*Dagvistun barna á einkaheimilum.*

Upplýsingar þær sem hér koma fram taka til barna sem vistuð eru hjá einstaklingum sem hafa leyfi (viðurkenningu) sveitarfélags til gæslu barna gegn greiðslu. Í flestum tilvikum niðurgreiða sveitarfélögin daggjöld barnanna.

*Börn sem nutu dagvistar*

Árið 2010 naut 1.771 barn dagvistar á einkaheimilum og hafði þeim fjölgað um 157 (9,7%) frá árinu á undan. Alls voru rúm 6% barna að 5 ára aldri í slíkri dagvistun árið 2010. Þar af voru tæp 6% allra barna á fyrsta ári og rúm 30% eins árs barna, en það eru börn sem ekki hafa náð leikskólaaldri (sjá töflu 12).

*Dvalartími barna í dagvistun*

Árið 2010 dvaldi mikill meirihluti barna í dagvistun á einkaheimilum í átta stundir eða lengur eða 82% og átti það við um tæp 79% eins árs barna.

### Tafla 3. Börn í dagvistun á einkaheimilum eftir aldri og lengd viðveru 2010

Table 3. Children in daycare in private homes by age of children and daily attendance 2010

	Alls <i>Total</i>	Á fyrsta ári <i>first year</i>	1 árs <i>1 year</i>	2–5 ára <i>2–5 years</i>
<b>Alls Total</b>	<b>1.771</b>	<b>253</b>	<b>1.501</b>	<b>17</b>
4 klst. eða skemur <i>4 hours or less</i>	54	10	41	3
5 klst. <i>5 hours</i>	45	10	35	0
6 klst. <i>6 hours</i>	97	14	83	0
7 klst. <i>7 hours</i>	121	20	101	0
8 klst. <i>8 hours</i>	981	125	853	3
9 klst. <i>9 hours</i>	473	74	388	11
<b>Hlutfallsleg skipting</b>				
<b>Percentage division</b>				
<b>Alls Total</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>	<b>100,0</b>
4 klst. eða skemur <i>4 hours or less</i>	3,0	4,0	2,7	17,6
5 klst. <i>5 hours</i>	2,5	4,0	2,3	0,0
6 klst. <i>6 hours</i>	5,5	5,5	5,5	0,0
7 klst. <i>7 hours</i>	6,8	7,9	6,7	0,0
8 klst. <i>8 hours</i>	55,4	49,4	56,8	17,6
9 klst. <i>9 hours</i>	26,7	29,2	25,8	64,7

*Rúmlega fjögur börn að jafnaði á dagforeldri*

Meðalfjöldi barna í gæslu á heimili var 4,3 árið 2010, en það er örlítill aukning frá árunum 2008 og 2009. Rúm 6% dagforeldra voru karlar árið 2010 en karlar voru rúm 4% þeirra árið 2008. Árið 2008 höfðu tæplega 55% dagforeldra starfað fimm ár eða skemur en það átti við rúm 43% þeirra árið 2010. Árið 2008 hafði fjórðungur dagforeldra starfað 11 ár eða lengur en það átti við rúmlega þriðjung þeirra eða 34,5% árið 2010.

**Tafla 4. Dagforeldrar eftir kyni og starfsaldri 2008–2010***Table 5. Child minders in private homes by sex and period of employment 2008–2010*

		5 ár eða skemur 5 years or less	6 til 10 ár 6 to 10 years	11 ár eða lengur 11 years or longer	Heilds dagsbörn á dagforeldri Full-time children per child minder
<b>2008</b>					
<b>Alls Total</b>	<b>437</b>	<b>240</b>	<b>89</b>	<b>108</b>	<b>4,1</b>
Karlar Male	19	16	2	1	–
Konur Female	418	224	87	107	–
<b>2009</b>					
<b>Alls Total</b>	<b>403</b>	<b>202</b>	<b>79</b>	<b>122</b>	<b>4,0</b>
Karlar Male	24	22	2	–	–
Konur Female	379	180	77	122	–
<b>2010</b>					
<b>Alls Total</b>	<b>412</b>	<b>178</b>	<b>92</b>	<b>142</b>	<b>4,3</b>
Karlar Male	26	25	1	–	–
Konur Female	386	153	91	142	–

### English summary

A total of 6,910 households received municipal income support in 2010, an increase by 916 (15.3%) from the year before and by 1,881 (37.4%) from the year 2008. Households of single men without children (43.6%) and households of single women with children (27.1%) were as before the biggest groups receiving income support.

In households receiving income support in the year 2010 there were 11,468 individuals or 3.6% of inhabitants in the country, thereof were 3,974 children (17 years of age or younger) or 5% of all children in the country. In the year 2008 there were 9,097 individuals, 2.8% of inhabitants in the country, who lived in households receiving income support, thereof 3,587 children or 4.5% of all children in Iceland.

In the year 2010, 8,148 households received municipal home-help service, an increase by 88 (1.1%) from the previous year and by 284 (3.6%) from the year 2008. Nearly four of every five of these households were households of the elderly or 6,493 (79.7%) That was an increase of 474 (7.9%) from the year 2008. A total of 8,091 individuals or 20.8% of inhabitants 65 years or older were living in these homes. In the municipality of Reykjavík, 25% of that age group received home-help service. The average number of hours worked per household receiving municipal home-help service in the year 2010 was 114 (2,5 hours per week) and had the average number decreased by 4 hours from the year before.

In the year 2010 1,771 children were enrolled in daycare in private homes, an increase by 157 (9.7%) from the year before. That was little more than 6% of children at the age of 0 to 5 years in the country. There of where nearly 6% of all children in the first year and little more than 30% of children 1 year of age, but those are children that have not reached the pre-primary school age.

**Tafla 6. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga og meðalgreiðslur 2008–2010**

Table 6. Recipients of municipal income support 2008–2010

	Fjöldi heimila <i>Number of homes</i>	Þar af nýrri viðtakendur <sup>1</sup> <i>Thereof new recipients<sup>1</sup></i>	Útgjöld, þús. kr. <i>Income support expenditure, thousand ISK</i>	Meðalfjárhæð á mánuði, kr. <i>Average monthly income support per home, ISK</i>	Meðalfjöldi mánaða greitt <i>Average number of months paid</i>
<b>2008</b>					
<b>Alls Total</b>	<b>5.029</b>	<b>2.677</b>	<b>1.685.399</b>	<b>86.490</b>	<b>3,9</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	3.651	1.883	1.426.354	96.565	4,0
Reykjavík	2.801	1.367	1.021.763	90.470	4,0
Önnur á höfuðborgarsvæði <i>Capital region, other</i>	850	516	404.591	116.362	4,1
Önnur sveitarfélög <sup>2</sup> <i>Other municipalities<sup>2</sup></i>	1.378	794	259.045	54.262	3,5
<b>2009</b>					
<b>Alls Total</b>	<b>5.994</b>	<b>3.211</b>	<b>2.287.851</b>	<b>91.540</b>	<b>4,2</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	4.399	2.293	1.935.722	98.400	4,5
Reykjavík	3.309	1.719	1.548.146	101.226	4,6
Önnur á höfuðborgarsvæði <i>Capital region, other</i>	1.090	574	387.576	88.528	4,0
Önnur sveitarfélög <sup>2</sup> <i>Other municipalities<sup>2</sup></i>	1.595	918	352.129	66.177	3,1
<b>2010</b>					
<b>Alls Total</b>	<b>6.910</b>	<b>3.924</b>	<b>2.987.149</b>	<b>101.342</b>	<b>4,3</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	5.113	2.788	2.501.422	105.186	4,7
Reykjavík	3.799	1.918	1.984.894	107.472	4,9
Önnur á höfuðborgarsvæði <i>Capital region, other</i>	1.314	870	516.528	97.238	4,0
Önnur sveitarfélög <sup>2</sup> <i>Other municipalities<sup>2</sup></i>	1.797	1.136	485.727	85.290	2,7

1 Fengu ekki greitt á fyrra ári. *Did not receive support the year before.*2 Önnur sveitarfélög með 250 íbúa. *Other municipalities with 250 inhabitants.***Tafla 7. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga eftir fjölskyldugerð og aldri 2010**

Table 7. Families receiving social assistance from municipalities by type of family and age 2010

Hlutfallsleg skipting <i>Percent division</i>	24 ára og yngri					65 ára og eldri		Fjöldi fjölsk./heimila <i>No. of families/households</i>
	Alls	25–39 ára	40–54 ára	55–64 ára	65 ára og eldri			
	<i>Total</i>	<i>years or younger</i>	<i>years</i>	<i>years</i>	<i>years</i>	<i>older</i>		
<b>Fjölskyldur/heimili alls <i>Families/households, total</i></b>	<b>100,0</b>	<b>32,6</b>	<b>40,4</b>	<b>19,2</b>	<b>5,4</b>	<b>2,3</b>	<b>•</b>	
Einstæðir karlar með börn <i>Single men with children</i>	2,0	0,2	0,8	1,0	0,1	0,0	(140)	
Einstæðir karlar, barnlausir <i>Single men without children</i>	43,6	14,9	16,8	8,3	2,7	1,0	(3.016)	
Einstæðar konur með börn <i>Single women with children</i>	27,1	7,5	14,6	4,6	0,3	0,0	(1.871)	
Einstæðar konur, barnlausar <i>Single women without children</i>	19,1	9,0	4,3	3,2	1,6	0,9	(1.322)	
Hjón/sambúðarfólk með börn <i>Married/cohabiting couples with children</i>	5,8	0,6	3,3	1,6	0,3	0,0	(401)	
Hjón/sambúðarfólk, barnlaus <i>Married/cohabiting couples without children</i>	2,3	0,4	0,6	0,5	0,4	0,4	(160)	
Fjöldi fjölskyldna/heimila <i>Number of families/households</i>	•	(2.254)	(2.791)	(1.327)	(376)	(162)	(6.910)	

**Tafla 8. Íbúar á heimilum viðtakenda fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga eftir aldri og sveitarfélögum 2008–2010**

Table 8. Members of municipal income support households by age and region 2008–2010

	17 ára og yngri Alls Total	18–24 ára years	25–39 ára years	40–54 ára years	55–64 ára years	65 ára og eldri years or older	
<b>Fjöldi íbúa Number of inhabitants</b>							
<b>2008</b>							
<b>Alls Total</b>	<b>9.097</b>	<b>3.587</b>	<b>1.412</b>	<b>2.309</b>	<b>1.279</b>	<b>322</b>	<b>188</b>
Höfuðborgarsvæði Capital area	6.140	2.233	1.028	1.640	866	243	130
Reykjavík	4.619	1.645	731	1.285	655	197	106
Önnur sveitarfélög Other municipalities	1.521	588	297	355	211	46	24
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> Other municipalities <sup>1</sup>	2.957	1.354	384	669	413	79	58
<b>2009</b>							
<b>Alls Total</b>	<b>10.427</b>	<b>3.892</b>	<b>1.825</b>	<b>2.725</b>	<b>1.452</b>	<b>389</b>	<b>144</b>
Höfuðborgarsvæði Capital area	7.104	2.412	1.318	1.988	1.013	263	110
Reykjavík	5.180	1.669	928	1.491	788	209	95
Önnur sveitarfélög Other municipalities	1.924	743	390	497	225	54	15
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> Other municipalities <sup>1</sup>	3.323	1.480	507	737	439	126	34
<b>2010</b>							
<b>Alls Total</b>	<b>11.468</b>	<b>3.974</b>	<b>2.322</b>	<b>3.059</b>	<b>1.491</b>	<b>427</b>	<b>195</b>
Höfuðborgarsvæði Capital area	8.044	2.605	1.695	2.231	1.075	294	144
Reykjavík	5.870	1.837	1.190	1.658	851	216	118
Önnur sveitarfélög Other municipalities	2.174	768	505	573	224	78	26
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> Other municipalities <sup>1</sup>	3.424	1.369	627	828	416	133	51
<b>Hlutfall aldurshópa Percent of age groups</b>							
<b>2008</b>							
<b>Alls Total</b>	<b>2,8</b>	<b>4,5</b>	<b>4,3</b>	<b>3,3</b>	<b>1,9</b>	<b>1,0</b>	<b>0,5</b>
Höfuðborgarsvæði Capital area	3,0	4,5	5,0	3,5	2,1	1,2	0,6
Reykjavík	3,9	6,0	5,9	4,4	2,7	1,6	0,7
Önnur sveitarfélög Other municipalities	1,9	2,7	3,6	2,0	1,2	0,6	0,3
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> Other municipalities <sup>1</sup>	2,5	4,4	3,1	2,9	1,7	0,7	0,4
<b>2009</b>							
<b>Alls Total</b>	<b>3,3</b>	<b>4,8</b>	<b>5,6</b>	<b>4,0</b>	<b>2,2</b>	<b>1,2</b>	<b>0,4</b>
Höfuðborgarsvæði Capital area	3,5	4,9	6,5	4,3	2,5	1,3	0,5
Reykjavík	4,4	6,1	7,6	5,3	3,3	1,7	0,7
Önnur sveitarfélög Other municipalities	2,3	3,3	4,8	2,8	1,3	0,6	0,2
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> Other municipalities <sup>1</sup>	2,9	4,9	4,2	3,3	1,9	1,0	0,2
<b>2010</b>							
<b>Alls Total</b>	<b>3,6</b>	<b>5,0</b>	<b>7,0</b>	<b>4,5</b>	<b>2,3</b>	<b>1,2</b>	<b>0,5</b>
Höfuðborgarsvæði Capital area	4,0	5,2	8,1	4,9	2,7	1,4	0,6
Reykjavík	4,9	6,7	9,5	5,9	3,7	1,7	0,8
Önnur sveitarfélög Other municipalities	2,6	3,4	6,1	3,3	1,3	0,9	0,3
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> Other municipalities <sup>1</sup>	3,0	4,6	5,2	3,8	1,8	1,1	0,3

<sup>1</sup> Önnur sveitarfélög með 250 íbúa. Other municipalities with 250 inhabitants.



**Tafla 9. Fjöldi vinnustunda við heimaþjónustu sveitarfélaga eftir tegund heimila 2008–2010**  
 Table 9. Number of hours of service given to households receiving municipal home-help service 2008–2010

	Fjöldi heimila <i>Number of households</i>	Fjöldi heimilis- manna <i>Number of inhabitants in households</i>	Hlutfall 65 ára og eldri <i>Percent of 65 years and over</i>	Meðalfjöldi vinnustunda á heimili á ári <i>Average hours worked per household</i>
<b>2008</b>				
<b>Heimili alls</b> <i>Households, total</i>	<b>7.864</b>	<b>11.001</b>	•	<b>125</b>
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	6.019	7.582	20,5	120
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in households</i>	1.413	2.355	•	136
Önnur heimili <i>Other households</i>	432	1.064	•	150
<b>2009</b>				
<b>Heimili alls</b> <i>Households, total</i>	<b>8.060</b>	<b>11.106</b>	•	<b>118</b>
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	6.160	7.691	20,3	116
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in households</i>	1.517	2.469	•	128
Önnur heimili <i>Other households</i>	383	946	•	111
<b>2010</b>				
<b>Heimili alls</b> <i>Households, total</i>	<b>8.148</b>	<b>10.966</b>	•	<b>114</b>
Heimili aldraðra <i>Homes of the elderly</i>	6.493	8.093	20,8	111
Fatlaðir á heimili <i>Handicapped in households</i>	1.258	1.953	•	133
Önnur heimili <i>Other households</i>	397	920	•	86

1 Fjöldi heimila og vinnustunda allt árið. *Number of households and hours worked the whole year.*

**Tafla 10. Íbúar á heimilum aldraðra sem njóta heimaþjónustu sveitarfélaga eftir tegund heimila, kyni og aldri 2008–2010**

Table 10. Members of the elderly households receiving municipal home-help service by type, sex and age 2008–2010

	2008			2009			2010		
	Alls <i>Total</i>	Ein- hleypir <i>Single</i>	Giftir/ í samúð <i>Married/ cohab.</i>	Alls <i>Total</i>	Ein- hleypir <i>Single</i>	Giftir/ í samúð <i>Married/ cohab.</i>	Alls <i>Total</i>	Ein- hleypir <i>Single</i>	Giftir/ í samúð <i>Married/ cohab.</i>
<b>Fjöldi <i>Number</i></b>									
<b>Alls 65 ára og eldri</b>									
<i>Total 65 years and older</i>	<b>7.582</b>	<b>4.456</b>	<b>3.126</b>	<b>7.691</b>	<b>4.629</b>	<b>3.062</b>	<b>8.091</b>	<b>4.893</b>	<b>3.198</b>
<i>65–74 ára years</i>	•	•	•	•	•	•	<b>1.585</b>	799	786
<i>75–79 ára years</i>	•	•	•	•	•	•	<b>1.761</b>	967	794
<b>80 ára og eldri <i>years and older</i></b>	•	•	•	•	•	•	<b>4.745</b>	3.127	1.618
Karlar alls <i>Males, total</i>	2.771	1.208	1.563	2.803	1.272	1.531	2.982	1.383	1.599
<i>65–74 ára years</i>	•	•	•	•	•	•	682	289	393
<i>75–79 ára years</i>	•	•	•	•	•	•	683	286	397
<i>80 ára og eldri years and older</i>	•	•	•	•	•	•	1.617	808	809
Konur alls <i>Females, total</i>	4.811	3.248	1.563	4.888	3.357	1.531	5.109	3.510	1.599
<i>65–74 ára years</i>	•	•	•	•	•	•	903	510	393
<i>75–79 ára years</i>	•	•	•	•	•	•	1.078	681	397
<i>80 ára og eldri years and older</i>	•	•	•	•	•	•	3.128	2.319	809
<b>Hlutfall aldurshópa</b>									
<b><i>Percent of age groups</i></b>									
<b>Alls 65 ára og eldri</b>									
<i>Total 65 years and older</i>	<b>20,3</b>	<b>11,9</b>	<b>8,4</b>	<b>20,1</b>	<b>12,1</b>	<b>8,0</b>	<b>20,8</b>	<b>12,6</b>	<b>8,2</b>
<i>65–74 ára years</i>	•	•	•	•	•	•	<b>7,8</b>	<b>3,9</b>	<b>3,9</b>
<i>75–79 ára years</i>	•	•	•	•	•	•	<b>23,2</b>	<b>12,7</b>	<b>10,4</b>
<b>80 ára og eldri <i>years and older</i></b>	•	•	•	•	•	•	<b>43,1</b>	<b>28,4</b>	<b>14,7</b>
Karlar alls <i>Males, total</i>	16,3	7,1	9,2	16,0	7,3	8,7	16,7	7,7	8,9
<i>65–74 ára years</i>	•	•	•	•	•	•	6,8	2,9	3,9
<i>75–79 ára years</i>	•	•	•	•	•	•	19,4	8,1	11,3
<i>80 ára og eldri years and older</i>	•	•	•	•	•	•	36,7	18,3	18,3
Konur alls <i>Females, total</i>	23,7	16,0	7,7	23,6	16,2	7,4	24,3	16,7	7,6
<i>65–74 ára years</i>	•	•	•	•	•	•	8,7	4,9	3,8
<i>75–79 ára years</i>	•	•	•	•	•	•	26,4	16,7	9,7
<i>80 ára og eldri years and older</i>	•	•	•	•	•	•	47,4	35,2	12,3

**Tafla 11. Börn í dagvistun á einkaheimilum eftir aldri og landsvæðum 2008–2010**

Table 11. Children in daycare in private homes by age of children and region 2008–2010

	Alls <i>Total</i>	Á fyrsta ári <i>first year</i>	1 árs <i>1 year</i>	2 ára <i>2 years</i>	3 ára <i>3 years</i>	4 ára <i>5 years</i>	5 ára <i>6 years</i>
<b>2008</b>							
<b>Alls Total</b>	<b>1.800</b>	<b>267</b>	<b>1.447</b>	<b>63</b>	<b>6</b>	<b>9</b>	<b>8</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	1.216	201	971	29	5	8	2
Reykjavík	720	118	571	24	3	3	1
Önnur <i>Other</i>	496	83	400	5	2	5	1
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> <i>Other municipalities<sup>1</sup></i>	584	66	476	34	1	1	6
<b>2009</b>							
<b>Alls Total</b>	<b>1.614</b>	<b>168</b>	<b>1.359</b>	<b>76</b>	<b>6</b>	<b>2</b>	<b>3</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	1.019	118	884	15	1	1	–
Reykjavík	597	73	507	15	1	1	–
Önnur <i>Other</i>	422	45	377	–	–	–	–
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> <i>Other municipalities<sup>1</sup></i>	595	50	475	61	5	1	3
<b>2010</b>							
<b>Alls Total</b>	<b>1.771</b>	<b>253</b>	<b>1.501</b>	<b>14</b>	<b>1</b>	<b>1</b>	<b>1</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	1.256	195	1.053	7	1	–	–
Reykjavík	744	106	632	5	1	–	–
Önnur <i>Other</i>	512	89	421	2	–	–	–
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> <i>Other municipalities<sup>1</sup></i>	515	58	448	7	–	1	1
<b>Hlutfall aldurshópa Percentage of age groups</b>							
<b>2008</b>							
<b>Alls Total</b>	<b>6,7</b>	<b>6,0</b>	<b>31,1</b>	<b>1,4</b>	<b>0,1</b>	<b>0,2</b>	<b>0,2</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	7,1	6,9	32,4	1,0	0,2	0,3	0,1
Reykjavík	7,4	6,9	33,2	1,4	0,2	0,2	0,1
Önnur <i>Other</i>	6,7	6,8	31,3	0,4	0,2	0,4	0,1
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> <i>Other municipalities<sup>1</sup></i>	6,0	4,3	28,6	2,1	0,1	0,1	0,4
<b>2009</b>							
<b>Alls Total</b>	<b>5,9</b>	<b>3,7</b>	<b>28,3</b>	<b>1,7</b>	<b>0,1</b>	<b>0,0</b>	<b>0,1</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	5,8	3,9	27,9	0,5	0,0	0,0	–
Reykjavík	6,0	4,1	28,0	0,9	0,1	0,1	–
Önnur <i>Other</i>	5,5	3,5	27,9	–	–	–	–
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> <i>Other municipalities<sup>1</sup></i>	6,2	3,3	29,1	3,7	0,3	0,1	0,2
<b>2010</b>							
<b>Alls Total</b>	<b>6,4</b>	<b>5,7</b>	<b>30,5</b>	<b>0,3</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>	<b>0,0</b>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital area</i>	7,0	6,6	32,0	0,2	0,0	–	–
Reykjavík	7,4	6,3	33,5	0,3	0,1	–	–
Önnur <i>Other</i>	6,6	7,1	30,0	0,1	–	–	–
Önnur sveitarfélög <sup>1</sup> <i>Other municipalities<sup>1</sup></i>	5,4	3,8	27,4	0,4	–	0,1	0,1

1 Önnur sveitarfélög með 250 íbúa. *Other municipalities with 250 inhabitants.*

**Hagfíðindi** **Heilbrigðis-, félags- og dómsmál**  
**Statistical Series** ***Health, social affairs, justice***

96. árg. • 32. tbl. 2011:1

ISSN 0019-1078 ISSN 1670-4673 (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4681 (rafræn útgáfa *PDF*)

Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Kristinn Karlsson • kristinn.karlsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* +(354) 528 1000 © Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland

Bréfasími *Fax* +(354) 528 1099 Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*

[www.hagstofa.is/hagtidindi](http://www.hagstofa.is/hagtidindi) [www.statice.is/series](http://www.statice.is/series)